

2001

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 266/1995.

Guðrún Nanna Jónsdóttir

gegn

Lífeyrissjóði verksmiðjufólks

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður HÉ-aðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 3. júlí 1995, þar sem bú sóknaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu varnaraðila. Sóknaraðili vísar ekki til lagaákvæða um heimild sína til kæru, en krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili sótti ekki þing í héraði, þegar krafa varnaraðila um, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, var tekin fyrir á dómþingi 10. maí 1995. Í dómi Hæstaréttar 9. desember 1992 í málinu nr. 427/1992 voru ákvæði laga nr. 21/1991 skýrð með hliðsjón af reglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á þann veg, að heimild brysti til kæru máls, þegar þannig stæði á. Ber samkvæmt því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á bú sóknaraðila var tekin til úrskurðar á dómþingi 10. maí 1995, en hinn kærði úrskurður var, sem áður segir, upp kveðinn 3. júlí sl. Á þessum ólögmetra drætti er engin skýring í málinu, og ber að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.
